

3. fundur skólaráðs – 17. janúar 2018

Mættir: Bryndís, Þorgeir, Alla, Þóra Ýr, Katrín, Ína, Telma Dögg

1. Námsmat / möppuskil

Vangaveltur um fyrirkomulag námsmats og möppuskil. Fulltrúar foreldra eru ánægðir með fyrirkomulagið og telja þetta góða leið til að fylgjast með náminu í skólanum. Fulltrúi nemenda tók undir það. Vangaveltur í skólanum hversu ört eigi að hafa möppuskil og einnig hvort og hversu seint möppur skila sér til baka. Rætt um að gott væri að fá möppur heim t.d. 1-2 vikum fyrir viðtalsdaga. Fulltrúi kennara er sammála að þetta þurfi ekki að vera jafnoft og nú er, heldur t.d. 3 á ári í staðinn fyrir 5 sinnum. Sammála því að hafa einhvers konar möppuskil og/eða líðanakönnun fyrir foreldraviðtöl. Tillaga skólaráðs er t.d. að hafa möppuskil 1 sinni fyrir haustviðtöl, 1 sinni fyrir vorannarviðtöl og svo í kringum skólaslit og til viðbótar væri hægt að hafa rafræn sýnishorn í gegnum Mentor. Hugmynd að lendingu en umræða sem þarf að taka áfram inn í kennarahópinn og ákveða verklag fyrir næsta skólaár.

2. Nýtt fjárhagsár

Ekki gert ráð fyrir mikilli aukningu á tímafjölda fyrir næsta skólaár, ca. einu stöðugildi. Óvissa með nemendafjölda veldur vandræðum við áætlanir og Bryndís mun herja áfram á að fá aukinn kennslukvóta. Áætlanir gera ráð fyrir um 400 nemendum en gæti vel farið í 420. Ef svo er þarf að herja á um aukið fjármagn. Margir nýir nemendur eru af erlendu bergi brotni og einnig íslensk börn sem hafa búið lengi erlendis og þurfa stuðning í námi. Nauðsynlegt að taka tillit til þessa við áætlanagerð. Lítið áætlað til búnaðarkaupa þar sem skólinn er „nýr“ og ekki talin ástæða til mikilla búnaðarkaupa.

Rætt um aðstöðu í skólanum og þá staðreynd að það þrengir að okkur þar sem leikskólinn er að nýta rými í skólanum. Skólinn vill gjarnan geta nýtt rýmið sjálf, þar sem skólann vantar áþreifanlega tónmenntastofu, svæði fyrir Frístund og félagsstarf unglunga. Stefnt að því að þrýsta á um breytingar og að fá t.d. foreldrafélagið með okkur í lið í því.

3. Stefna Naustaskóla – árgangablöndun

Bryndís kynnti fyrirhugaða vinnu sem farið verður í í kjölfar innanhússpings o.fl. Þar er í brennidepli árgangablöndunin. Búið er að fá fagfólk til ráðgjafar þar sem fara á yfir stöðuna, kosti og galla stefnunnar, og hverju á/má breyta. Birna Svanbjörnsdóttir í HA og Gunnar Gíslason koma inn í þessa vinnu auk starfsfólks skólans. Ákveðið að fá fulltrúa foreldra einnig inn í þessa vinnu og hugsanlega einnig fulltrúa nemenda til þess að fá sem flestar raddir upp á yfirborðið.

4. Endurmenntunaráætlun skólans

Rætt um áherslupunkta í endurmenntunaráherslu skólans. Rætt að t.d. þurfi að leggja meiri áherslu á þætti sem tengjast stefnu skólans þegar kemur að endurmenntun, t.d. kennslu á opnum svæðum, jákvæðan aga o.s.frv. Gæta þarf sérstaklega að fræðslu fyrir nýtt starfsfólk um stefnu skólans og jákvæðan aga strax að hausti.

5. Upplýsingatæknimál

Skólinn á von á að fá um 50 Chromebook tölvur og fleiri tæki inn á unglíngastigið. Tölvurnar sem fyrir eru nýtast þá í öðrum námshópum. Einnig stefnt að því að kaupa róbota og annað og í samhengi við það stefnt að því að auka forritunarkennslu og –nám. Mikilvægt að efla þessa þætti í námi. Umræða

fór fram um að nauðsynlegt væri að þrýsta á bæjaryfirvöld um að auka fjármuni til tölvu- og tækjakaupa, skólar væru að lenda allt of langt eftir á í þeim efnum miðað við þar sem þeir þyrftu að vera.

6. Starfsmannamál

Rætt um starfsmannamál. Talsverðar breytingar á hópnum, bæði vegna veikindaleyfa og af öðrum ástæðum. Heimir Árnason kominn til starfa sem íþróttakennari, en Ásdís Sigurðardóttir hefur látið af störfum. Fleiri starfsmannamál rædd. Umræða fór fram um nemendafjölda per kennara og fleira.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:03.

Fundargerð ritaði Þorgeir Rúnar Finnsson